

## 78. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni,

haldinn í Stofu íslenskra fræða, þriðjudag, 15. september, 2015, kl. 14:00

Fundinn sátu

*Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Lára Hreinsdóttir (varam.), Elín Einarsdóttir (nýr fltr. SASS), Sigurbjörn Árni Arngrímsson (varam.), Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Heiða Gehringer (varam), Hildur Guðbjörg Benediktsdóttir og Guðni Árnason.*

*Sigurður Ingi Jóhannsson, Freyja Rós Haraldsdóttir og Jóhannes Sveinbjörnsson voru forfölluð.*

Dagskrá:

1. Starfsmannalisti – nýir starfsmenn
2. Húsnæðismál skólans – leigusamningur við Ríkiseignir.
3. Nemendur skólans – þróun og hvaðan þeir koma
4. Breytt skipulag náms, kennslu og námsmats
5. Eigum að horfa til nýrra áherslna í framtíðinni?
6. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hann nýja fulltrúa velkomna, en Elín Einarsdóttir er nýr fltr. SASS. Síðan var gengið til dagskrár.

### 1. Starfsmannalisti – nýir starfsmenn

Skólameistari kynnti þær breytingar sem urðu í starfsmannahópnum milli skólaára.

Hann dreifði starfsmannalista (fskj. 1) og samantekt um nýráðningar (fskj. 2).

### 2. Húsnæðismál skólans – leigusamningur við Ríkiseignir.

Form. greindi frá fundum sem hann og skólam. áttu í ráðuneyti á s.l. vori þar sem farið var yfir húsnæðismál skólans. Skólameistari fór yfir framhald þeirra mála og kvað mikla bakvinnu hafa átt sér stað. Niðurstaða varð um að húsaleigusamningur við Ríkiseignir fyrir þetta ár tók gildi 1. sept.

Hann dreifði blaði með lykiltölum í þessu sambandi (fskj. 3).

Í fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir fjármagni til reksturs skólans, sem stendur undir kostnaði við leigusamning.

### 3. Nemendur skólans – þróun og hvaðan þeir koma

Páll fylgdi þessu úr hlaði og dreifði blaði með helstu upplýsingum um samsetningu nemendahópsins (fskj 4).

### 4. Breytt skipulag náms, kennslu og námsmats.

Skólameistari hafði framsögu undir þessum lið, fór yfir og skýrði skipulag nýrra námsbrauta við skólann: Félags- og hugvísindabraut og Náttúruvísindabraut.

## 5. Eigum að horfa til nýrra áherslna í framtíðinni?

Skólameistari hóf umræðuna og kvaðst m.a. vera með í huga umræðu um nálgun náms og kennslu í ML vegna þess hve Suðurland er öflugt ferðarþjónustusvæði. Allmikil umræða varð um þessi mál og tæpt á ýmsum hugmyndum.

## 6. Önnur mál

- a. Skólameistari greindi frá því að gjaldkeri mótuneytis fylli nú stöðu með því að sinna einnig starfi fjármálafulltrúa við skólann. Fá næstu áramótum verður nokkur breyting á innheimtu og er þessi breyting þáttur í því.
- b. Guðni nefndi áhyggjur nemenda af breyttu dagskipulagi, en í haust var frímínútum fækkað og greinar kenndar í þriggja kennslustunda (120 mín.) lotum að jafnaði. Skólameistari kvað könnun verða gerða á viðhorfum til breytingarinnar í nóvember.

Fundi slitið kl 15:52

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason